



**Ungmennafélagið Afturelding**

**Ársskýrsla**

**Lögð fram á Aðalfundi haldinn í Reykhólaskóla 4. mars 2025**

## Um félagið:

Ungmennafélagið Afturelding, kt. 570589-1139. Stjórn félagsins er skipuð af:

Styrmi Sæmundssyni, formanni stjórnar.

Söndru Rún Björnsdóttur, gjaldkera.

Köttlu Tryggvadóttur, ritara.

## Iðkendum:

Í félaginu voru 92 meðlimir á árinu 2024. Virkir iðkendum voru:

Íþróttagrunnur: 20

Bogfimi: 20

Hestar: 8

## Starf félagsins:

Ungmennafélagið Afturelding var með reglulegar æfingar allt árið. En skipulag var eftirfarandi:

Bogfimiæfingar voru tvisvar í viku.

Fótboltaæfingar voru á vorönn.

Nýtt fyrirkomulag tók við í haust þar sem tvisvar í viku er sett upp íþrótt dagsins þar sem börn fá að kynnst fjölbreyttum íþróttum.

Bogfimisamband Íslands studdi áfram við bogfimistarf félagsins og tóku 4 börn þátt á Íslandsmeistaramóti barna og ungmenna þar sem félagið fékk 3 gull, 3 silfur og 3 brons á mótinu og landaði Afturelding sínum fyrstu Íslandsmeistaratitlum í sögu félagsins.

Ungmennafélagið hefur nýtt gönguskíða sporaslóðann sinn og settar hafa verið upp brautir fyrir heimafólk reglulega yfir vetrartímann af öflugum sjálfboðaliðum.

Hestar voru í boði á sumarnámskeiði í júní þar sem 40 börn tóku þátt.

**Sumarnámskeið:** 40 börn tóku þátt í sumarnámskeiðum Reykhólahrepps og ungmennfélagsins Aftureldingar. Dagskrá innihélt meðal annars bogfimi, hesta, útilíf, vettvangsferðir, fótbolta og margt fleira.

## **Mót og viðburðir:**

**Unglingalandsmót UMFÍ:** Alls voru 12 krakkar frá ungmennafélaginu sem tóku þátt í 7 greinum á mótinu: Bogfimi, hestum, frisbígolfi, pílu, frjálsum, kökuskreytingum og skák. Árangur keppenda var prýðilegur og átti félagið landsmótssigurvegara í bogfimi.

**Fjarmótaröð Bogfimisambands Íslands:** Þátttakendur skiluðu inn bogfimi skori 6 sinnum á árinu og voru oftast en ekki að raða sér í stiga hæðstu sætin í keppninni.

Félagið hélt tvö bogfimimót, eitt jólamót þar sem 18 þátttakendur tóku þátt og svo eitt mót í íþróttavíku Evrópu þar sem 20 þátttakendur tóku þátt.

Ungmennafélagið Afturelding hélt upp á 100 ára afmælið sitt og bauð gestum upp á veitingar og skemmtidagskrá. Meðal atriða voru Einar Mikael töframaður, Jörgen Nilsson með gögl ásamt því að opna formlega endurbætta líkamsræktaraðstöðu.

## **Framkvæmdir og fjárfestingar:**

Ungmennafélagið fór í stórar framkvæmdir á líkamsræktaraðstöðu í Grettislaug í samstarfi við Reykhólahrepp. Keypt voru ný tæki, ræktin var stækkuð með því að saga niður vegg og sett var upp salernisaðstaða. Stjórn og starfsfólk Reykhólahrepps sá um að mála og setja upp nýja líkamsrækt sem fékk nafnið Grettir sterki.